

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

31. maí 2019
UST201904-329/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Ljósleiðari á Barðaströnd

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Vesturbyggðar, dagsett 29. apríl 2019 með viðbótargögnum dagsett 27. maí 2019, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 96/1975. Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Fyrirhugað er að halda áfram með lagningu ljósleiðara um friðlandið frá Þverá að Flókalundi. Um er að ræða framhald verkefnis sem farið var í árið 2018. Sótt er um að nýju þar sem lagnaleiðin er breytt frá fyrra framkvæmdarleyfi við Þverá á Barðaströnd. Búið er að fara eina ferð með jarðýtu yfir leiðina og raska landi á lagnaleiðinni. Eftir er að plægja streng í rásina og bæta skaðann eftir jarðýtuna frá því í 2018. Fyrirhuguðu lagnaleið er sýnd á korti sem fylgdi umsókn. Með viðbótargögnum dags. 27. maí 2019 var kynnt ný lagnaleið við orlofsbyggðina og Flókalund. Heildarvegalend lagnaleiðarinnar er 2,9 km. Þar af eru 700 metrar þar sem vikið út frá þegar sótt var um leyfið 2018. Að stærstum hluta fylgir lagnaleiðin vegrásinni sem er manngert svæði. Við ákveðnar aðstæður í landslagi og jarðvegi gæti þurft að víkja frá vegrásinni til dæmis þar sem klettur eru í lagnaleiðinni. Ráðgert er stika fyrirhugaða leið í samráði við starfsmann Umhverfisstofnunar. Þar sem víkja þarf frá vegrásinni verður þess gætt að raska sem minnstu af grónu landi. Rask vegna framkvæmdarinnar verður í formi plógfars sem þjappað verður á eftir með gröfu. Í grónu landi þá á landið að fela sárið á nokkrum vikum. Ráðgert er að framkvæmdin byrji 1. júní og taki um 4 vikur. Einhver óvissa er um framkvæmdatímann þar sem fara þarf yfir kletta að einhverju leiti ásamt öðrum verkefnum. Að framkvæmdinni koma þrjár aðilar á jarðýtu með plóg, beltavél ásamt fleyg og þeim búnaði sem þarf við verkið. Ef fara þarf yfir trjágróður er óskað eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun hvernig best er að standa að mótvægisáðgerðum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og ásýnd svæðisins ásamt því að valda gestum svæðisins truflunum. Neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar séu hins vegar til skamms tíma sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu og leiðbeiningum um frágang og mótvægisáðgerðir. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum

framkvæmdarinnar með góðum frágangi og líklegt er að jarðvegur og gróður jafni sig fljótt. Vakin er athygli á því að sú leið sem merkt er inn á teikningar sem fylgdu með umsókninni eru ekki í samræmi við þá leið sem farin var árið 2018 þegar vikið var frá áður samþykki lagnaleið. Mikilvægt er að fylgja röskuðu leiðinni frá 2018 eftir því sem kostur er til að minnka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Beðið er eftir upplýsingum frá Landgræðslu ríkisins um nákvæmar leiðbeiningar varðandi það hvernig best sé að ganga frá raski á svæðinu vegna fyrri framkvæmda árið 2018.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vesturbyggð fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan 1.-30. júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- **Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.**
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Lagnaleið skal stikuð í samráði við starfsmann Umhverfisstofnunar.
- Einungis er heimilt að aka jarðýtu og beltavél eftir fyrirhugaðri ljósleiðaraleið skv. verklýsingu. Afmá skal ummerki eftir aksturinn að framkvæmdum loknum eins og kostur er.
- Við framkvæmdina skal keyrt eftir fyrri förum frá árinu 2018 á framkvæmdarsvæðinu til að halda raski í lágmarki.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og skal allur búnaður og úrgangur frá framkvæmdinni fjarlægður strax og framkvæmdum lýkur.
- Þar sem nauðsynlegt er að þvera göngustíga og/eða troðninga skal gengið frá svæðinu jafnóðum og strengur hefur verið lagður.
- Ganga skal jafnóðum frá svæðinu í kringum orlofsbyggð og Flókalund eftir að búið er að plægja niður strengin.
- Vinna skal fara fram á þeim tímum sólarhrings sem raskar ekki svefnró gesta á tjaldsvæði, orlofsbyggð eða á hótelinu.
- Farið verði eftir leiðbeiningum Landgræðslunnar og Umhverfisstofnunar um hvernig best sé að ganga frá þeim skemmdum sem urðu á svæðinu eftir framkvæmdirnar árið 2018.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri


Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur